

## 67. fundur

6. ágúst 2015

1002008SA BOH  
Málalykill: 524

### Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

67. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn fimmtudaginn 6. ágúst 2015 að Borgartúni 30 og hófst hann kl. 09:00.

Mætt voru f.h FT, Sigrún Grendal, af hálfu SNS mættu Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Guðbjörg Sigurjónsdóttir tilkynnti forföll.

Þá var gengið til dagskrár.

#### 1. Skerðing á kennsluhluta launa skólastjóra vegna verkfalls haustið 2014.

Erindið varðar skólastjóra tónlistarskóla sem er á undanþágulista sveitarfélags (sbr. 19. gr. laga nr. 94/1986). Skólastjórinn hefur kennsluskyldu en lagði kennlustörf niður á meðan verkfalli stóð í samræmi við leiðbeiningar frá verkfallsstjórn FT. Leitað er álits á því hvort sveitarfélaginu sé heimilt að skerða laun skólastjórans sem nemur kennsluhluta starfsins þann tíma sem verkfall varði.

#### Niðurstaða:

Ekki náðist samstaða um málið í samstarfsnefnd.

#### Fulltrúar SNS vilja bóka eftirfarandi:

Þeir stjórnendur sem eru félagsmenn í FT, nú Félagi kennara og skólastjóra í tónlistarskólum, og voru í verkfalli frá 22. október til 24. nóvember 2014 tóku að mati SNS upplýsta ákvörðun um að leggja niður störf sem fólu í sér kennslu og störf með nemendum. Skólastjórar tóku ekki þátt í verkfallsaðgerðum FT og fengu ekki að greiða atkvæði um verkfall. Því fæst ekki annað séð en að skólastjórar hefðu átt að sinna störfum sínum í verkfalli, bæði hvað varðar kennsluhluta starfsins og stjórnun. Að mati SNS hefur þátttaka í verkfalli sem ekki var heimild til skýrar afleiðingar með vísan til laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Sveitarfélögum er því heimilt að skerða launagreiðslur og aðrar kjarasamningsbundnar greiðslur í verkfalli þar sem skólastjórnendur

skiluðu ekki starfi sínu á umræddu tímabili. Sú heimild nær til starfa stjórnenda sem ekki fékkst undanþága fyrir og lítur að kennsluhluta starfsins. Skerðingin nær til launa og sumarlauna.

### **Fulltrúar Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) vilja bóka eftirfarandi:**

Skólastjórar tónlistarskóla höfðu ekki atkvæðisrétt, voru ekki á kjörskrá og tóku ekki þátt í atkvæðagreiðslu FT um boðun verkfalls í tónlistarskólum. Samkvæmt 7. og 8. tl., 1. mgr. 19. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 nær heimild til verkfalls ekki til skólastjóra tónlistarskóla. Skrár sveitarfélaga skv. 2. mgr. 19. gr. framangreindra laga staðfesta það. Skólastjórar tónlistarskóla voru ekki í verkfalli á meðan á verkfalli FT stóð árið 2014.

Af þeim sökum er vinnuveitendum óheimilt að skerða laun og önnur hlunnindi skólastjóra með vísan til framangreinds verkfalls jafnvel þótt kennsla hafi fallið niður á meðan á verkfalli stóð eða störf þeirra tekið breytingum með öðrum hætti. Starfshlutfall skólastjóra lækkaði ekki á meðan á verkfalli stóð jafnvel þótt kennsluhlutinn kunni að hafa fallið niður á sama tíma. Á meðan á verkfalli stóð má ætla að skólastjórar hafi m.a. sinnt stjórnunarlegum starfsskyldum á þeim tíma sem þeir hefðu sinnt kennslu hefði ekki komið til verkfalls enda leiddi verkfallið ekki til lækkunar á starfshlutfalli skólastjóra á meðan á því stóð. Í mörgum tilvikum gátu skólastjórnendur ekki útdeild stjórnendalegri ábyrgð t.d. til aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra sem voru í verkfalli og má því ætla að álag á skólastjóra hafi aukist á meðan á verkfalli stóð.

Það er á misskilningi byggt að undanþágubeiðnir eigi við um skólastjóra tónlistarskóla þar eð þeir voru við störf, þeir voru ekki í verkfalli á meðan verkfalli FT stóð. (Hvað tónlistarskóla varðar er einn forstöðumaður skóla á skrá sveitarfélaga skv. 2. mgr. 19. gr. framangreindra laga). Beiðnir um undanþágu var hins vegar m.a. hægt að senda inn vegna aðstoðarskólastjóra skóla enda tóku þeir þátt í atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls í tónlistarskólum og voru í verkfalli meðan það stóð.

Tilgangur framangreindrar lagagreinar er sá að tryggja lágmarks mönnunarþörf, t.d. til að halda stofnun opinni, sinna nauðsynlegri þjónustu, gæslu og eftirliti í tengslum við tónlistarskóla. Rétt er að vekja athygli á því að það fóru ekki allir tónlistarkennarar í verkfall, t.d. eru sumir tónlistarkennarar félagsmenn í Félagi íslenskra hljómlistarmanna en félagsmenn þess voru ekki í verkfalli á sama tíma.

Í „force majeure“ ákvæðum eru vinnudeilur tilgreindar sem óviðráðanleg ytri atvik (s.s. í þjónustusamningum tónlistarskóla í Reykjavík við Reykjavíkurborg). Skólastjóri er forstöðumaður skóla, hann ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfsemi tónlistarskólans og verkstýrir starfsemi skólans (sbr. inngangskafli kjarasamnings FT/SNS). Eðli máls samkvæmt veldur verkfall röskun og uppbroti á allri starfsemi skóla og það er í verkahring forstöðumanns að taka ákvarðanir sem varða starfsemina meðan verkfall varir sem og á öðrum tímum. Þær breytingar sem kunna að verða á störfum skólastjóra meðan á verkfalli stendur fela ekki í sér heimild til skerðingar á launum forstöðumanns.

Hefð er fyrir því að laun forstöðumanna stofnana og þar með laun skólastjóra tónlistarskóla, séu ekki skert í verkfalli og veit FT ekki til þess að framangreint hafi áður verið umdeilt.

FT gerði könnun á því hvernig starfi skólastjóra var háttað í verkfalli FT 2014. Svör skólastjóra sýna að þeir skólastjórar sem voru félagar í FT sinntu almennt ekki kennslu á meðan á verkfalli stóð en þeir höfðu viðveru og sinntu annarri vinnu í þágu tónlistarskólanna á sama tíma og þeir hefðu kennt hefði ekki komið til verkfalls. Laun skólastjóra voru ekki skert á meðan á verkfalli stóð.

Með hliðsjón af framangreindu telur FT ekki heimilt að skerða laun og hlunnindi skólastjóra þ.m.t. sumarlaun vegna verkfalls FT árið 2014.

Fulltrúar FT vilja jafnframt benda á að **ekki var ágreiningur um framangreind atriði í verkfalli félagsmanna FT árið 2001. Framkvæmd verkfalls var með sama hætti árin 2001 og 2014.**

Hér er um alveg nýja túlkun fulltrúa SNS að ræða sem gengur í berhögg við þá túlkun og framkvæmd sem gilt hefur um launagreiðslur til skólastjóra meðan á verkfalli stendur.

FT telur engin rök né forsendur vera fyrir því að sú túlkun og framkvæmd sem viðhöfð hefur verið allt frá árinu 1984 gildi ekki um skólastjóra tónlistarskóla nú. Eftir að löggin um kjarasamninga opinberra starfsmanna voru sett nr. 94/1986 hefur engin breyting orðið á túlkun og framkvæmd þess ákvæðis sem hér um ræðir.

Þá vill félagið benda á sameiginlega yfirlýsingu samningsaðila sem gerð var í tengslum við verkfall félagsmanna FT árið 2001. Þar voru aðilar sammála um framkvæmd mála og yfirlýsingin er í raun staðfesting á þeirri túlkun og framkvæmd sem hefur verið í gildi frá árinu 1984.

## **2. Erindi er varðar launasetningu kennara sem tók að sér tímabundna skólastjórnun við tónlistarskólann á Ísafirði.**

### **Niðurstaða**

FT lagði fram ný gögn í málinu. Afgreiðslu frestað meðan frekari gagna er aflað og ný gögn skoðuð.

## **3. Önnur mál**

Aðilar sammála um að óska eftir fundi með sviðsstjóra kjarasviðs Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Fundi slitið klukkan 10:42